



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2018

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um brottfall laga um Lífeyrissjóð bænda, 424. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 12. apríl sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar ofangreint mál þar sem lagt er til að sérlög um Lífeyrissjóð bænda verði felld úr gildi og að lög um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfssemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 gildi um sjóðinn með sama hætti og á við aðra lífeyrissjóði. Frumvarpið er til samræmis við þá þróun sem verið hefur á Íslandi um að eitt samræmt lífeyrissjóðakerfi gildi fyrir alla landsmenn, óháð störfum. Frumvarp þetta er liður í þessari viðleitni sem LL styðja.

LL vilja þó leggja sérstaka áherslu á að tryggt sé að þau réttindi sem nú eru sérstaklega skilgreind í lögum um Lífeyrissjóð bænda s.s. er varða réttindi maka séu tryggð. LL telja mikilvægt að slík rýni fari fram í fjármála- og efnahagsráðuneytinu í samráði við stjórn Lífeyrissjóðs bænda hafi hún ekki þegar átt sér stað.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri